

## REGLUGERÐ um öryggisstjórnun skipa.

1. gr.  
*Markmið.*

Markmið þessarar reglugerðar er að efla öryggisstjórnun skipa og öryggi við rekstur þeirra, svo og að koma í veg fyrir mengun frá skipum.

2. gr.  
*Innleiðing.*

- a. Með reglugerð þessari öðlast gildi hér á landi reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 336/2006 frá 15. febrúar 2006 um að hrinda í framkvæmd ákvæðum alþjóðlega kóðans um öryggisstjórnun skipa innan Bandalagsins og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EB), sem vísað er til í 56u í XIII. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 131/2006 frá 27. október 2006 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af XIII. viðauka samningsins, bókun 1 um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum hans. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 336/2006 var birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 77 frá 18. desember 2008, bls. 20 og verður hluti af reglugerð þessari.

3. gr.  
*Gildistaka.*

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 1. mgr. 17. gr. laga nr. 76/2001 um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

*Samgönguráðuneytinu, 17. mars 2009.*

**Kristján L. Möller.**

---

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*

---

B-deild – Útgáfud.: 2. apríl 2009